

Ill meðferð á dýrum

Fræðileg samantekt

JÚLÍA DÖGG HARALDSDÓTTIR
SÓLVEIG HELGA SIGFÚSDÓTTIR

LOKAVERKEFNI TIL BS PRÓFS
Í HJÚKRUNARFRÆÐI (12 EININGAR)

LEIÐBEINANDI: PÁLL BIERING

JÚNÍ 2011



HJÚKRUNARFRÆÐIDEILD
HÁSKÓLI ÍSLANDS

Þakkarorð

Eftir mikla vinnu við þetta verkefni er loksins hægt að sjá afraksturinn. Ekki hefði verið hægt að gera þetta verkefni nema með góðum stuðningi frá vel völdum einstaklingum. Við viljum byrja á því að þakka leiðbeinanda okkar, Páli Biering dósent í geðhjúkrun, fyrir góða leiðsögn og gagnlegar ábendingar. Einnig viljum við þakka fjölskyldum okkar fyrir ómetanlegan stuðning og þakka fyrir þá ómældu þolinmæði og skilning sem þau sýndu okkur í náminu öllu.

Útdráttur

Ill meðferð á dýrum er þekkt vandamál víða um heim sem endurspeglar mismikla virðingu fólks fyrir dýrum. Tilgangurinn með þessari fræðilegu samantekt er að skrifa um illa meðferð á dýrum, útbreiðslu fyrirbærisins, einkenni, áhættuþætti, orsakir og tengsl við önnur vandamál. Ætlunin er að sýna fram á að ill meðferð á dýrum er ekki einangrað merkingarlaust fyrirbæri heldur þýðingarmikil hegðun sem getur í sumum tilfellum gefið til kynna alvarleg hegðunarvandamál. Fræðimenn hafa t.d. rannsakað ofbeldi í fjölskyldum, andfélagslega hegðun og fantaskap og sýnt fram á tengsl þess við illa meðferð á dýrum. Sýnt hefur verið fram á að ill meðferð á dýrum er alvarlegt vandamál í Bandaríkjunum og nokkrum öðrum löndum og því fannst okkur áhugavert að gera fræðilega úttekt á þessu fyrirbæri. Fjallað verður um tengsl ofbeldis í nánum samböndum og illrar meðferðar á dýrum. Í þessu samhengi verður komið lítillega inn á hlutverk hjúkrunarfræðinga og viðbrögð við illri meðferð á dýrum og ofbeldi í nánum samböndum. Einnig er fjallað um tengsl á milli illrar meðferðar á dýrum í æsku og ofbeldis gagnvart fólki á fullorðinsárum. Niðurstöður urðu þær að ill meðferð á dýrum tengist ýmsum öðrum hegðunarvandamálum og getur verið upphafið að þróun mjög alvarlegra ofbeldisverka gagnvart fólki síðar á ævinni.

Lykilorð: Ill meðferð á dýrum, ofbeldi í nánum samböndum, hegðunarvandamál

Abstract

Animal abuse is a well known problem throughout the world which reflects the varying respect that people have for animals. The purpose of this theoretical study is to write about animal abuse, its epidemiology, characteristics, risk factors, causes and relation to other problems. We seek to demonstrate that animal abuse is not an isolated meaningless phenomenon but a significant behaviour that may sometimes indicate serious behavioral problems. Theorists have for example explored family violence, antisocial behaviour and bullying and demonstrated its relation to animal abuse. Animal abuse is a serious issue in the United States and a few other countries and that is why we found it interesting to write a theoretical summation on this phenomenon. The relation of intimate partner violence and animal abuse will be discussed. In this context the role and reaction of nurses to animal abuse and intimate partner violence will be mentioned. The relation of animal abuse in childhood and violence against people in adulthood will be discussed. The results show that animal abuse is related to several other behavioral problems and can be the beginning of a very serious violence against people later in life.

Keywords: Animal abuse, intimate partner violence, behavioral problems

Efnisyfirlit

Þakkarorð	i
Útdráttur	ii
Abstract	iii
Inngangur	2
Fræðileg samantekt	5
Útbreiðsla illrar meðferðar á dýrum	5
Aðferðir	8
Orsakir og áhættuþættir	10
Ill meðferð á dýrum og ofbeldi í nánnum samböndum	13
Tengsl illrar meðferðar á dýrum við önnur hegðunarvandamál	16
Tengsl ofbeldis á dýrum í æsku og ofbeldis á fullorðinsárum	18
Viðbrögð og refsing	21
Umræður	24
Samantekt á niðurstöðum	24
Lokaorð	28
Heimildaskrá	29

Inngangur

Sigrún M. Jónsdóttir (Lóa)

1900-1996

In memoriam

„Þú leist undan

þegar þær voru

í sláurtíðinni

leiddar undir

naglabyssuna

óviss

um endurfundi

hjá guði,

jafnvel refurinn

ætti hjá honum

vísari vist

en þú“.

(Páll Biering)

Viðhorf fólks til illrar meðferðar á dýrum eru mjög mismunandi. Sumum gæludýraeigendum finnst eðlilegt að drepa dýr þegar að þeir geta ekki lengur hugsað um þau, vegna ýmissa ástæðna. Sumir jafnvel drepa dýr sér til skemmtunar. Á meðan aðrir gæludýraeigendur hugsa um dýrin eins og sín eigin afkvæmi og vilja vernda þau frá öllu illu í heiminum. Undanfarið hefur mikið verið fjallað um illa meðferð á dýrum í fjölmiðlum hér á landi, einkum búfjár. Í þessu samhengi hefur einkum verið rætt um slæma meðferð og

aðbúnað svína og hænsna. Bændur hafa verið gagnrýndir harðlega fyrir að gelda t.d. svín og lömb með svokölluðum geldingatöngum án nokkurrar deyfingar. Vitundarvakning er að verða í samfélaginu um tilvist illrar meðferðar á dýrum. Rætt hefur verið um að refsingar við brotum á lögum um dýravernd séu heldur vægar í samfélaginu. Fólki hættir til að líta á illa meðferð á dýrum af áhugaleysi og of miklu umburðarlyndi í garð þeirra sem fara illa með dýr.

Fræðimenn hafa rannsakað ofbeldi í fjölskyldum, andfélagslega hegðun og fantaskap og sýnt fram á tengsl þess við illa meðferð á dýrum. Sýnt hefur verið fram á tengsl á milli illrar meðferðar á dýrum og andfélagslegrar hegðunar, sérstaklega ofbeldis í nánnum samböndum (Ascione, 2001). Vaxandi meðvitund er t.d. hjá heilbrigðisstarfsfólki um að ekki sé hægt að leyfa sér lengur að vera með það viðhorf að „strákar eru og verða alltaf strákar” gagnvart einstaklingum sem hafa beitt dýraofbeldi (Flynn, 2000). Enda hafa rannsóknir sýnt að þeir sem hafa beitt dýraofbeldi eru í aukinni hættu á að beita ofbeldi gagnvart fólki síðar á ævinni (Arluke, Levin, Luke, and Ascione, 1999).

Sýnt hefur verið fram á að ill meðferð á dýrum er alvarlegt vandamál í Bandaríkjunum og nokkrum öðrum löndum og því væri áhugavert að framkvæma fyrstu rannsóknina á tilvist og einkennum fyrirbærisins á Íslandi og tengslum þess við önnur vandamál. Rannsóknin gæti opnað umræðu um og áhuga fyrir frekari rannsóknum á þessu málefni. Markmið þessarar fræðilegu samantektar er að sýna fram á að ill meðferð á dýrum er ekki einangrað merkingarlaust fyrirbæri heldur þýðingarmikil hegðun sem getur í sumum tilfellum gefið til kynna alvarleg hegðunarvandamál. Ill meðferð á dýrum tengist til að mynda glæpum, fantaskap, líkamlegri-og kynferðislegri misnotkun og ofbeldi í fjölskyldum (Henry og Sanders, 2007; Ascione, Friedrich, Heath og Hayashi, 2003; Henderson, Hensley og Tallichet, 2011). Ill meðferð á dýrum getur einnig verið vísbending um mjög alvarleg

ofbeldisverk síðar á ævinni t.d. raðmorð (Currie, 2006; Wright og Hensley, 2003; Hensley, Tallichet og Dutkiewicz, 2010). Til að ná þessu markmiði verður leitast við að svara eftirfarandi spurningum: 1) Hver er útbreiðsla illrar meðferðar á dýrum? 2) Hvaða aðferðir eru notaðar þegar farið er illa með dýr? 3) Hverjar eru orsakir og áhættuþættir dýraofbeldis? 4) Eru tengsl á milli ofbeldis í nánnum samböndum og illrar meðferðar á dýrum? 5) Tengist ill meðferð á dýrum öðrum hegðunarvandamálum? 6) Eru tengsl á milli illrar meðferðar á dýrum í æsku og ofbeldisverka gagnvart fólki síðar á ævinni?

Við heimildaleit var aðallega notast við eftirfarandi gagnagrunna: Scopus, Science direct, Cinahl og Google. Leitarorð voru: Animal abuse og animal cruelty.

Fræðileg samantekt

Útbreiðsla illrar meðferðar á dýrum

Niðurstöður rannsókna benda til þess að grimmd í garð dýra sé algengust á meðal barna á leikskólaaldri og síðan dragi úr henni fram á unglingsaldur þegar hegðunin eykst aftur. Grimmd í garð dýra er einnig algengari á meðal drengja en stúlkna og á meðal barna sem eiga við geðrænan vanda að etja. Tíðni illrar meðferðar á dýrum meðal barna sem eiga við geðrænan vanda að etja er á bilinu 10-30% en 0-5% á meðal annarra barna samkvæmt rannsóknum (Ascione og Lockwood, 2001).

Henry (2004) gerði rannsókn á sálfræðinemum þar sem hann athugaði hvort tengsl væru á milli gæludýraeignar, þess að hafa séð dýraofbeldi og illrar meðferðar á dýrum. Af 169 þátttakendum sögðust 96,4% hafa átt a.m.k. eitt gæludýr í æsku og 78% sögðust enn eiga gæludýr. Um það bil helmingur (50,9%) þátttakenda sagðist hafa séð dýraofbeldi a.m.k. einu sinni. Þriðjungur (37,3%) þátttakenda sögðust hafa séð dýraofbeldi oftari en einu sinni. Um 17,8% sögðust hafa tekið þátt í dýraofbeldi a.m.k. einu sinni og 12,4% þátttakenda sögðust hafa tekið þátt í dýraofbeldi oftari en einu sinni. Í öllum þessum tilfellum voru karlar líklegri en konur til þess að hafa séð eða tekið þátt í dýraofbeldi. Að framansögðu má sjá að tíðni dýraofbeldis á meðal barna sem eiga gæludýr er hærri (17,8%) heldur en á meðal barna sem eiga ekki gæludýr (0-5%). Líklegasta skýringin á því er sú að gæludýraeign er ein af forsendum þess að geta beitt dýr ofbeldi.

Rannsókn sem gerð var í Ástralíu, Japan og Malasíu sýndi að strákar á aldrinum 5-7 ára voru líklegri til að sýna bæði grimmd og mikla grimmd í garð dýra en stúlkur á sama aldri. Börn tjá árásarhneigð sína á mismunandi hátt eftir því sem þau þroskast. Rannsóknin

sýndi að yngri börn voru líklegri til að beita grimmd í garð dýra heldur en eldri börn. Yngri strákarnir frá Japan voru líklegri til að beita mikilli grimmd í garð dýra. Eftir því sem börnin voru eldri voru minni líkur á að þau beittu grimmd í garð dýra og kynjamismunurinn hafði tilhneigingu til að minnka vegna þess að hlutfall stráka sem beittu grimmd í garð dýra minnkaði með aldrinum. Skýring á mismunandi árásarhneigð drengja og stúlkna getur verið af mörgum ástæðum t.d. laga strákar sig frekar að félagslegum væntingum. Þeir eru líklegri til að beita grimmd í garð dýra ef þeir sjá jafnaldra sína gera það og vilja reyna að falla inn í hópinn (Mellor, Yeow, Hapidzal, Yamamoto, Yokoyama og Nobuzane, 2009).

Rannsókn meðal sálfræðinema í Bandaríkjunum leiddi í ljós að 21% þeirra hafði tekið þátt í því að fara illa með dýr. Karlmenn voru líklegri til þess að segja frá þátttöku í slíku athæfi heldur en konur, 49 karlmenn eða 36,8% á móti einungis 11 konum eða 7,2% kvenna. Hlutfall karlanna sem hafði tekið þátt í því að fara illa með dýr fyrir 13 ára aldur var 63,3% en hlutfall kvenna var 54,5% (Beatson, Loughnan og Halloran, 2009).

Baldry (2003) gerði rannsókn til að meta hvort tengsl væru á milli heimilisofbeldis og þess að börn fari illa með dýr. Þátttakendur í rannsókninni voru 1.396 nemendur frá Ítalíu á aldrinum 9-17 ára. Kom í ljós að 81,9% af börnunum áttu gæludýr eða höfðu átt a.m.k. eitt gæludýr um ævina og að helmingur þátttakenda hafði a.m.k einu sinni farið illa með dýr t.d. slegið, pínt, angrað eða meitt dýr.

Rannsókn Baldrys (2005) bendir til þess að sú hegðun að leggja einhvern í einelti tengist mögulega illri meðferð á dýrum. Alls tóku 268 stelpur og 264 strákar þátt í rannsókninni og börnin komu frá mismunandi grunnskólum í Róm. Niðurstöður sýndu að tveir af hverjum fimm þátttakendum (40%) höfðu farið illa með dýr að minnsta kosti einu sinni um ævina og einn af hverjum þremur (33%) sögðust hafa tekið þátt í einelti í skóla, meirihlutinn voru strákar.

Rannsókn var gerð á þremur mismunandi hópum barna: Börnum úr normal þýði (NORM), börnum sem hafa sætt kynferðislegri misnotkun (SEXAB) og börnum með geðræn vandamál (PSY). Tilgangur rannsóknarinnar var að kanna tíðni illrar meðferðar á dýrum á meðal barna með mismunandi bakgrunn. Í ljós kom að um líkamlegt ofbeldi var að ræða í 0,2% tilfella í NORM hópnum, í 36,4% tilfella í SEXAB hópnum og í 11,7% tilfella í PSY hópnum. Í 5,9% NORM hópsins, 35,7% SEXAB hópsins og 18,5% PSY hópsins var greint frá tilvist heimilisofbeldis í formi líkamlegra átaka milli foreldra barnsins. Greint var frá tilvist grimmdar í garð dýra í 3,1% tilfella í NORM hópnum, 17,9% í SEXAB hópnum og 15,6% í PSY hópnum. Við nánari skoðunum á NORM hópnum kom í ljós að mjög svipaðar niðurstöður fengust fyrir drengi og stúlkur þar sem 2,9% drengja og 3,3% stúlkna voru sögð vond við dýr. Tilvist heimilisofbeldis hækkaði þess prósentutölu í 7,7% fyrir drengi og 7,1% fyrir stúlkur. Í SEXAB hópnum reyndust fleiri drengir en stúlkur vera vondir við dýr að sögn móður þegar hvorki líkamlegt ofbeldi né heimilisofbeldi er til staðar, 25% á móti 6,1%. Þegar líkamlegt ofbeldi var til staðar hækkaði talan fyrir stráka upp í 36% á móti 17,1% stúlkna. Á meðal stráka með sögu um heimilisofbeldi voru 23,1% sagðir vondir við dýr á móti 20% stúlkna. Á meðal drengja með sögu um líkamlegt ofbeldi og heimilisofbeldi voru 36,8% vondir við dýr en 29,4% stúlkna með sama bakgrunn. Í PSY hópnum kom í ljós að þar sem hvorki var um líkamlegt ofbeldi að ræða né tilvist heimilisofbeldis í sögu barnanna voru 15% drengja og 10,7% stúlkna sögð vond við dýr. Þar sem einungis var um að ræða líkamlegt ofbeldi voru 26,3% drengjanna og 16,7% stúlkna sögð vond við dýr. Í hópnum þar sem einungis var um að ræða heimilisofbeldi voru 12% drengja sagðir vondir við dýr en 60% drengja í hópnum þar sem bæði var um líkamlegt ofbeldi og heimilisofbeldi að ræða. Athyglisvert er að ekki var greint frá grimmd í garð dýra hjá stúlkum í þessum tveimur undirhópum (Ascione, Friedrich, Heath og Hayashi, 2003). Niðurstöður þessarar rannsóknar

koma heim og saman við niðurstöður annarra rannsókna sem sýna að tíðni illrar meðferðar á dýrum hjá börnum með geðrænan vanda er á bilinu 10-30%. Niðurstöður eru einnig í samræmi við tíðnitölur annarra rannsókna á tíðni illrar meðferðar á dýrum á meðal heilbrigðra barna 0-5% (Ascione og Lockwood, 2001).

Mjög hættulegir glæpamenn með sögu um alvarleg ofbeldisverk gagnvart fólki hafa vakið athygli rannsækenda þar sem saga um illa meðferð á dýrum er mjög algeng á meðal þeirra (Currie, 2006; Wright og Hensley, 2003). Rannsóknar niðurstöður benda til þess að tíðni illrar meðferðar á dýrum sé t.d. mjög há á meðal kynferðis morðingja (sexual murderers) eða um 36-46% í æsku og á unglingsárum (Douglas, Ressler, Burgess og Hartman, 1986). Tíðni illrar meðferðar á dýrum er hærri á meðal ofbeldisfullra afbrotamanna en annarra afbrotamanna. Í rannsókn Merz-Perez og Heide (2003) var tíðnin 56% meðal ofbeldisfullra afbrotamanna en aðeins 20% á meðal annarra afbrotamanna. Hensley og Tallichet (2009) gerðu rannsókn á 112 fögum sem höfðu beitt ofbeldi gagnvart dýri. Meira en 64% greindu frá því að hafa skotið dýr en um það bil 45% höfðu barið eða sparkað í dýr. Um 21% höfðu kæft dýr en um 15% höfðu annað hvort brennt, drekkt eða stundað kynmök með dýri.

Aðferðir

Felthous rannsakaði ofbeldisaðferðir gagnvart dýrum í rannsókn sinni á árásarhneigð gagnvart köttum, hundum og fólki. Felthous tók viðtal við 346 karlmenn sem voru allir með geðræna röskun. Þessir menn voru flokkaðir eftir því hversu árásarhneigðir þeir voru og hvort þeir hefðu einhvern tímann tekið þátt í dýraofbeldi í æsku. Um það bil 21% karlmanna voru greindir árásarhneigðir, fjórðungur þeirra hafði sögu um ítrekað dýraofbeldi og 94% af þeim notuðu ketti sem fórnarlömb. Einnig komst hann að því að 24% svarenda höfðu drepit ketti með því að hengja þá og 47% höfðu brennt eða sprengt upp kött. Aðrar aðferðir dýraofbeldis

voru aflimun, hálshögg, að kæfa dýrið, lemja dýrið harkalega, brjóta bein í því eða hella yfir það heitu vatni. Dæmi voru um að menn hefðu bundið hala tveggja dýra saman yfir þvottasnúru og horft á dýrin slást (Felthous, 1980).

Samkvæmt rannsókn Miller og Knutson (1997) eru ýmsar aðferðir notaðar til að fara illa með dýr. Af 314 fögum (84% karlar og 16% konur) höfðu 197 (63%) farið illa með dýr. Dæmi um aðferðir voru: Að eittra fyrir dýrinu (9%), að berja, slá og sparka í dýrið (22%), að skjóta dýrið (39%). Að stinga dýrið (3%), að kasta dýrinu í átt að vegg eða hörðum hlut (4,5%), að sprengja dýrið (3,5%) og að drepa dýrið óvart (8%). Þessar tölur sýndu aðeins aðferðir sem voru framkvæmdar í æsku og þátttakendur voru allir gerendur og ekki er tekið með ofbeldi á dýrum sem leiddi ekki til dauða.

Í rannsókn á fögum kom í ljós að þeir sem höfðu barið eða sparkað í dýr voru líklegri til að brenna dýr en minni líkur á að þeir myndu skjóta það. Fangar sem höfðu kæft dýr voru líklegri til að brenna það og stunda kynmök með dýrinu. Fangar sem höfðu barið eða sparkað í dýr voru einnig líklegri til að stunda kynmök með dýrinu. Fangar sem höfðu oft beitt dýraofbeldi voru líklegri til að skjóta dýrið. Fangar sem höfðu oft beitt dýraofbeldi og voru yngri á þeim tímapunkti sem þeir frömdu glæpin voru líklegri til að kæfa dýrið. Fangar sem höfðu byrjað ungir að beita dýraofbeldi voru líklegri til að beita oftar dýraofbeldi (Hensley og Tallichet, 2009).

Í rannsókn voru tekin viðtöl við 45 ofbeldisfulla afbrotamenn og 45 afbrotamenn sem voru ekki ofbeldisfullir. Í niðurstöðum rannsóknarinnar kom fram að afbrotamennirnir sem voru ekki ofbeldisfullir voru líklegri til að fara illa með dýr á hátt sem var talinn minna alvarlegur. Þeir höfðu beitt dýraofbeldi í æsku af ótta (11%), skotið dýrið (66%) eða neytt dýrið til að slást (33%). Þessar aðferðir geta verið framdar án þess að vera í mikilli nálægð við dýrið. Ofbeldisfullu afbrotamennirnir sögðust hafa beitt dýraofbeldi sem krefst þess að

vera í nálægð við dýrið t.d. að berja það. Ofbeldisfullu afbrotamennirnir höfðu einnig framið ofbeldisverk með því að beita dýr kynferðislegu ofbeldi (12%), sparkað í eða kramið dýrið (20%), stungið dýrið (4%), hellt ertandi efni á dýrið (8%), brennt dýrið (4%) eða aflimað dýrið (8%). Afbrotamennirnir sem voru ekki ofbeldisfullir notuðu ekki svona alvarlegar aðferðir (Merz-Perez og Heide, 2003).

Orsakir og áhættuþættir

Í rannsóknum hefur komið fram að kyn og menntunarstig eru áhættuþættir fyrir því að fara illa með dýr. Karlmennt og einstaklingar með minni menntun eru líklegri en aðrir til þess að fara illa með dýr (Currie, 2006; Hensley og Tallichet, 2005; 2008). Eins eru þeir sem hafa orðið vitni að illri meðferð á dýrum í æsku líklegri til þess að fara sjálfir illa með dýr síðar á ævinni (Thompson og Gullone, 2006). Baldry (2003) komst að því að börn sem eru grimm við dýr eru líklegri til þess að hafa upplifað heimilisofbeldi eða séð foreldra sína fara illa með dýr. Helmingur barnanna í rannsókn hans sagðist hafa séð föður sinn beita móður sína ofbeldi a.m.k. einu sinni eða séð móður sína beita föður sinn ofbeldi. Strákar voru tvisvar sinnum líklegri en stelpur til að hafa farið illa með dýr sem er í samræmi við það sem hefur áður komið fram.

Becker, Stuewig, Herrera og McCloskey (2004) komust að því að börn sem komu úr fjölskyldum þar sem heimilisofbeldi átti sér stað voru líklegri til að beita dýraofbeldi heldur en börn sem komu frá heimilum þar sem heimilisofbeldi átti sér ekki stað (11,4% á móti 5,3%). Currie (2006) gerði enn eina rannsóknina á tengslum heimilisofbeldis og illrar meðferðar á dýrum. Úrtakið í rannsókninni voru 47 mæður með tvö börn á skólaaldri og sögu um heimilisofbeldi sem voru bornar saman við 45 aðrar mæður með tvö börn á sama aldursbili og í fyrra úrtakinu en enga sögu um heimilisofbeldi. Bentu niðurstöður

rannsóknarinnar til þess að börnin sem höfðu orðið vitni að heimilisofbeldi væru líklegri til þess að hafa verið vond við dýr heldur en hin börnin, 17% á móti 7%. Alvarleiki og meðal tímalengd heimilisofbeldis sem barn hafði verið vitni að jók ekki líkurnar á því að börn sem höfðu orðið vitni að heimilisofbeldi væru vond við dýr. Einnig leiddi rannsóknin í ljós tengsl á milli hræðslu við dýr og illrar meðferðar á dýrum (Currie, 2006). Baldry (2005) komst einnig að því að börn sem höfðu upplifað ofbeldi foreldra sín á milli og orðið vitni að dýraofbeldi voru þrisvar sinnum líklegri til þess að beita dýraofbeldi heldur en jafningjar þeirra sem höfðu ekki upplifað slíkt.

Að sjá föður sinn misþyrma móður sinni er sterkasti áhættuþátturinn á því að ofbeldi færist frá einni kynslóð til þeirra næstu. Samkvæmt umfjöllun Widoms (1989) hafa allt að 70% þeirra sem eru ofbeldismenn þurft að upplifa ofbeldi á æskuárum sínum (annað hvort orðið vitni að ofbeldi eða verið fórnarlömb ofbeldis).

Að hafa séð dýraofbeldi er marktækt tengt því að hafa tekið þátt í dýraofbeldi ef marka má rannsókn Henry (2004). Í rannsókn hans höfðu 26% þátttakenda séð dýraofbeldi og einnig tekið þátt í því en aðeins 10% af þeim sem höfðu aldrei séð dýraofbeldi höfðu tekið þátt í dýraofbeldi. Tengslin voru miklu sterkari ef þátttakandi hafði séð dýraofbeldi oftari en einu sinni. Karlar sem höfðu séð dýraofbeldi voru tilfinningalausari gagnvart illri meðferð dýra, á meðan konur sem höfðu séð dýraofbeldi voru miklu tilfinninganæmari gagnvart illri meðferð dýra. Þetta bendir til þess að það að sjá dýraofbeldi geti hafi ólík áhrif á konur og karlmenn. Barn getur líka tekið upp á því að herma eftir hegðun fullorðins einstaklings sem beitir dýr ofbeldi og stundum beita börn dýr systkina sinna ofbeldi eingöngu til þess að stríða þeim (Ascione, 2001; Kellert og Felthous, 1985).

Í rannsókn Baldry (2005) höfðu þrír af hverjum fjórum þátttakendum að minnsta kosti einu sinni verið fórnarlömb annarra: Af þeim börnum hafði eitt af hverjum þremur upplifað ofbeldi foreldra sín á milli, rúmlega eitt af hverjum þremur börnum höfðu upplifað misnotkun af hálfu foreldris, tvö af hverjum fimm börnum höfðu verið fórnarlömb í skólanum.

Samkvæmt niðurstöðum þessarar rannsóknar getur það að vera þolandi óbeins eða beins ofbeldis verið áhættuþáttur fyrir því að fara illa með dýr.

Til að reyna að skilja betur orsakir illrar meðferðar á dýrum tóku Kellert og Felthous (1985) viðtal við ofbeldismenn og þeir komust að því að ýmsar ástæður eru fyrir því að dýraofbeldi sé framið af unglíngum og fullorðnum. Ástæðurnar geta verið: Þörf fyrir stjórn yfir dýrinu, hefnd eða hatur t.d. gagnvart köttum. Sumir hræða fólk sér til skemmtunar með því að meiða dýr og hefna sín á fólki með því að meiða dýrin þeirra (þá eru minni líkur á að þeir verði dæmdir).

Börn eru mun líklegri til að vera grimm við dýr þegar þau eru innan um önnur börn. Hópprýstingur hefur áhrif á barnið, það verður djarfara, lætur undan þrýstingi og meiðir dýrið sem myndi ekki gerast ef barnið væri eitt. Þegar börn horfa á félagu sína vera grimm við dýr og misþyrma þeim þá finnst þeim þau hafa stjórn yfir dýrinu. Þetta endurspeglar þeirra löngun til að geta valdið sárauka og vilja bæði ná valdi og getað stjórnað hlutunum og bæta fyrir þá litlu umhyggju og umönnun sem þau fá heima (Boat, 1995).

Ascione, Thompson og Black (1997) gerðu rannsókn á ástæðum dýraofbeldis með því að taka viðtal við ungmenni. Kom í ljós að ástæður fyrir dýraofbeldi hjá börnum eru t.d. forvitni þeirra og sum hafa óvart slasað eða drepið dýrin þegar þau voru að rannsaka þau (yfirléitt gert af ungu eða þroskaheftu barni). Dýraofbeldi átti sér einnig stað vegna þrýstings frá jafningjum eða vegna þess að barninu leiddist. Afbrigðileg kynhneigð til dýra var ástæðan í sumum tilfellum (t.d. löngun til að hafa kynmök við dýr). Stundum drápu börnin dýrin af

góðum hug til þess að vernda þau fyrir ofbeldi frá öðrum. Dýraofbeldi átti sér einnig stað vegna hræðslu barnsins við dýrið. Barn sem verður fyrir ofbeldi getur reynt að endurheimta völdin með því að meiða saklaus dýr.

Baldry (2005) komst einnig að því að börn sem tóku þátt í einelti voru tvisvar sinnum líklegri til þess að hafa beitt dýraofbeldi heldur en jafningjar þeirra sem höfðu ekki tekið þátt í einelti. Þetta sýnir að þegar börn fara illa með dýr er mikilvægt að skoða önnur vandamál sem þau kunna að hafa og veita þeim viðeigandi hjálp í tæka tíð. Ef börn fá meðferð snemma getur það komið í veg fyrir slæma þróun og árásargjarna hegðun síðar meir.

Ill meðferð á dýrum og ofbeldi í nánum samböndum

Rannsóknir hafa leitt í ljós tengsl á milli ofbeldis í nánum samböndum og illrar meðferðar á dýrum. Þar sem ofbeldi í nánum samböndum er mikilvægt lýðheilsuvandamál verður fjallað um það hér og hvernig það tengist illri meðferð á dýrum. Í mörgum löndum er ofbeldi umfangsmikið vandamál og forvarnir ofbeldis er nýtt fyrir mörgum í samfélaginu. Ofbeldi í nánu sambandi er talið vera mjög alvarlegt heilbrigðisvandamál í heiminum. Hugtakið „ofbeldi í nánu sambandi” er oftast notað þegar um er að ræða eiginmann eða sambýlismann sem beitir eiginkonu sína eða sambýliskonu ofbeldi (Krug, Dahlberg, Mercy, Zwi og Lozano, 2002). Yfirleitt er ofbeldinu haldið leyndu innan veggja fjölskyldunnar en mismunandi tölur hafa verið birtar um ofbeldi. Ofbeldi í nánum samböndum á sér ýmsar birtingarmyndir. Mikilvægt er að gera sér grein fyrir því hvort um andlegt, kynferðislegt eða líkamlegt ofbeldi er að ræða vegna þess að afleiðingar ofbeldis eru misjafnar eftir því hvers eðlis það er (Svavarsdóttir og Orlygsdóttir, 2008).

Við athugun á umfangi ofbeldis hér á landi sýndu niðurstöður íslenskrar rannsóknar að um 22% kvenna hafa upplifað ofbeldi í nánum samböndum einhvern tímann á lífsleiðinni

(Félags- og tryggingamálaráðuneyti, e.d.). Þetta er svipuð tíðni og kemur fram í breskum og bandarískum rannsóknum. Breskar heimildir telja að ein af hverjum fjórum konum verði fyrir ofbeldi í nánnum samböndum einhvern tímann á lífsleiðinni (Mirrlees-Black, 1999).

Bandarískar heimildir telja að 22.1% kvenna og 7,4% karla hafi verið beitt ofbeldi af hálfu maka einhvern tímann á lífsleiðinni (Tjaden og Thoennes, 2000).

Árið 2006 var gerð rannsókn á konum sem leituðu á Slysa- og bráðadeild Landspítalans í Fossvogi á ákveðnu tímabili. Alls tóku 101 kona á aldrinum 18-67 ára þátt í rannsókninni og voru þær spurðar út í persónulega reynslu af ofbeldi. Hluti þeirra kvenna sem beittar eru ofbeldi leita á slysideild annað hvort vegna áverka sem þær fá í kjölfar ofbeldis eða vegna ýmissa sjúkdóma sem geta tengst ofbeldinu. Niðurstöður leiddu í ljós að um helmingur kvennanna sem leituðu sér aðstoðar á Slysa- og bráðadeild Landspítalans höfðu einhvern tímann á lífsleiðinni verið þolendur ofbeldis. Í rannsókninni höfðu 18% kvenna verið beittar líkamlegu ofbeldi einhvern tímann á lífsleiðinni, 20% kynferðislegu og 30% andlegu ofbeldi. Ekki er síður alvarlegt að verða fyrir andlegu ofbeldi en það getur verið mjög erfitt að kæra fyrir slíkt af því að erfitt er að sjá einhverja áverka á fórnarlambinu. Þær voru spurðar nákvæmlega út í ofbeldið og algengasta birtingarmynd þess var að þær voru annað hvort kýldar eða sparkað í þær og afleiðingar af því voru marblettir, skurðir eða viðloðandi verkir eftir ofbeldið. Hjúkrunarfræðingarnir fengu klínískar leiðbeiningar til þess að hafa til hliðsjónar í upplýsingasöfnun um ofbeldi. Sumum hjúkrunarfræðingum fannst erfitt að spyrja konurnar hvort þær væru beittar ofbeldi, helst ef um var að ræða kynferðislegt ofbeldi og einnig vegna þess að þær vissu ekki hvernig þær áttu að nálgast konuna og hvernig þær áttu að bregðast við ef konurnar sögðust hafa verið beittar ofbeldi (Kolbrún Kristiansen, 2010).

Árið 2006 var gerð rannsókn á birtingarmynd ofbeldis í nánnum samböndum og voru spurningarlistar sendir á 7.613 konur á aldrinum 18-67 ára sem voru giftar eða í sambúð. Sama ár var einnig gagnasöfnun á klínískum vettvangi. Konum á aldrinum 18-67 ára sem þurftu að fara á slysa- og bráðadeildina var einnig boðin þátttaka og einnig konum sem þurftu að fara fyrstu 3 mánuði meðgöngunnar á göngudeild fyrir áhættumeðgöngu hjá Miðstöð mæðraverndar. Niðurstöður rannsóknarinnar sýndu að konur sem höfðu upplifað ofbeldi í nánú sambandi einhvern tímann á ævinni voru líklegri til að vera frekar með langvinn heilsufarsvandamál en aðrar konur t.d. þunglyndi, vefjagigt eða ófrjósemisvandamál. Kom í ljós að þolendur ofbeldis í nánú sambandi stunda frekar áhættuhegðun t.d. að reykja og misnota áfengi. Þekking á þessu getur hjálpað hjúkrunarfræðingum að greina vandamál og vísa konum á viðeigandi úrræði (Erla K. Svavarsdóttir, 2010).

Ascione var á meðal fyrstu vísindamanna til að rannsaka hvort tengsl væru á milli heimilisofbeldis og grimmdar í garð dýra. Hann gerði könnun á 38 konum sem höfðu þurft að leita sér hjálpar í athvarfi fyrir konur sem hafa verið beittar ofbeldi af sambylismanni sínum. Konurnar voru spurðar hvort að maki þeirra hafi einhvern tímann beitt gæludýr þeirra ofbeldi og hvort að börnin þeirra hefðu verið vitni af ofbeldinu eða sjálf tekið þátt í ofbeldinu. Niðurstöður leiddu í ljós að 71% af konunum sem áttu gæludýr sögðu að sambylismenn þeirra hefðu misnotað dýr eða hótad að gera það. Í 32% tilvika sögðu konurnar frá ofbeldi barna sinna gagnvart dýrum (Ascione, Weber og Wood, 1997).

Rannsókn var gerð á eðli og tíðni grimmdar í garð dýra þar sem maki hafði einnig verið beittur ofbeldi. Að átta sig á eðli og tíðni slíkrar grimmdar er mjög mikilvægt því misnotkun gæludýra getur verið ein aðferð ofbeldismanns til að stjórna maka sínum. Margar konur sem höfðu leitað sér skjóls í kvennaathvarfi og tóku þátt í rannsókninni voru mjög ánægðar yfir því að loksins væri einhver að spyrja þær hvort þær hefðu ekki áhyggjur af

gæludýrinu sínu. Um 70% kvennanna í rannsókninni sögðu frá ofbeldi maka síns gagnvart gæludýri sínu (Ascione, 1998). Þessar niðurstöður sýna að ofbeldi gagnvart gæludýrum getur verið ein birtingarmynd ofbeldis í nánum samböndum.

Hjúkrunarfræðingar eru í mjög góðri aðstöðu til að sinna konum sem eru þolendur ofbeldis í nánum samböndum á öllum sviðum heilbrigðiskerfisins (Svavarsdóttir og Orlygsdóttir, 2009). Til þess að sinna þessum konum þarf hjúkrunarfræðingurinn að hafa bæði þekkingu og kunnáttu á þessu sviði. Nú er verið að vinna að því að útbúa klínískar leiðbeiningar um mat og fyrstu viðbrögð við ofbeldi í nánum samböndum (Erla K. Svavarsdóttir, 2010).

Tengsl illrar meðferðar á dýrum við önnur hegðunarvandamál

Árið 1987 var dýraofbeldi orðin einn hluti af handbók um greiningu og upplýsingar um geðsjúkdóma sem einkenni af hegðunarröskun. DSM-IV kerfið kom svo út árið 1994 og var þar tekið mið af nýjum rannsóknum og kenningum. Árið 2000 kom svo út ný og endurbætt greiningarhandbók, DSM-IV-TR, þar sem aftur var tekið mið af nýjum rannsóknum. Samkvæmt DSM-IV er hegðunarröskun eitthvað sem gerist endurtekið, er viðvarandi og einnig eru samfélagslegar reglur brotnar. Ofbeldi gagnvart dýrum er 1 af 15 einkennum hegðunarröskunar. Til að greinast með hegðunarröskun þarf einstaklingur að hafa 3 af 15 viðurkenndum einkennum hegðunarröskunar á síðastliðnu ári. Hegðunarröskun fyrir 15 ára aldur er forsendan fyrir andfélagslegri persónuleikaröskun. Það sem tilheyrir andfélagslegri hegðun er verknáður sem er ekki í samræmi við viðurkennda hegðun eða þau lög sem gilda í samfélaginu (American Psychiatric Association, 2000).

Kellert og Felthous (1985) komust að því að ofbeldi gagnvart dýrum er marktækt meira hjá þeim sem eru ofbeldisfullir glæpamenn heldur en þeim sem eru ekki ofbeldisfullir

glæpamenn. Fundu þeir út að 25% af ofbeldisfullu glæpamönnunum beittu dýraofbeldi en aðeins 5,8% þeirra sem voru ekki ofbeldisfullir. Þeir sem voru ekki ofbeldisfullir glæpamenn höfðu aldrei beitt ofbeldi gagnvart dýrum á bernskuárum sínum en ofbeldisfullir glæpamenn höfðu oft gert það það.

Henry og Sanders (2007) rannsökuðu tengslin á milli fantaskaps, þess að gera einhvern að fórnarlambi og illrar meðferðar á dýrum. Úrtakið samanstóð af 185 amerískum karlkyns háskólastúdentum á aldrinum 18 til 48 ára. Niðurstöður Henry og Sanders (2007) leiddu í ljós mikilvægan mun á karlmönnum sem komu að einstökum tilfellum þar sem farið var illa með dýr og þeim sem tóku endurtekið þátt í því að fara illa með dýr. Niðurstöður staðfesta að fantaskapur og ofbeldi í miklum mæli tengjast þátttöku í illri meðferð á dýrum, einkum þó á meðal þeirra sem eiga sögu um að hafa farið illa með dýr mörgum sinnum. Enn fremur kom í ljós að 30% karlanna í rannsókninni höfðu tekið einu sinni eða oftar þátt í því að fara illa með dýr. Þeir sem höfðu bæði upplifað að vera fórnarlamb og gerendur í líkamlegu ofbeldi höfðu oftast tekið þátt í endurteknum misþyrmingum á dýrum. Þessir sömu þátttakendur höfðu einnig miskunnarlausustu viðhorfin í garð dýra.

Þrátt fyrir áratuga vísindalegar rannsóknir þá erum við rétt að byrja að skilja rætur ofbeldis. Grimmd í garð dýra er oft hluti af stærri og flóknari vandamálum í fjölskyldum. Meðferð á dýrum var könnuð hjá 53 fjölskyldum þar sem barn hafði verið misnotað á heimilinu. Í ljós kom að hjá þessum 53 fjölskyldum átti misnotkun gæludýra sér stað í 60% tilfella. Fjölskyldurnar sem beittu dýraofbeldi fóru ekki eins oft til dýralæknis með gæludýrin sín og umönnunin var ekki eins góð miðað við þær fjölskyldur sem beittu ekki dýraofbeldi. Rannsakóknin sýndi að 38% af fjölskyldunum beitti dýraofbeldi eða vanrækti dýr. Í 34% tilfella höfðu gæludýr annað hvort verið beitt ofbeldi eða þau vanrækt (DeViney, Dickert og Lockwood, 1983). Niðurstöður þessarar rannsóknar benda til þess að dýraofbeldi geti verið

möguleg vísbending um önnur alvarleg vandamál í fjölskyldum t.d. kynferðislega misnotkun á börnum.

Í Bandaríkjunum var gerð rannsókn á tengslum áhættuþátta í fjölskyldum, íkveikja í æsku, dýraofbeldis og afbrota. Tekin voru viðtöl við 62 mæður úr kvennaathvarfi. Niðurstöður rannsóknarinnar sýndu að börn sem komu úr fjölskyldum þar sem heimilisofbeldi átti sér stað voru líklegri til að kveikja í heldur en þau börn sem komu frá heimilum þar sem heimilisofbeldi átti sér ekki stað (11,9% á móti 5,3%). Börn sem komu frá heimilum þar sem faðirinn beitti dýr ofbeldi voru einnig líklegri til að kveikja í heldur en börn sem komu frá heimilum þar sem slíkt átti sér ekki stað (16,3% á móti 7,7%) (Becker, Stuewig, Herrera, og McCloskey, 2004). Slavkin (2001) fann tengsl á milli grimmdar í garð dýra á meðal ungmenna og íkveikju hegðunar. Þ.e. þau ungmenni sem voru vond við dýr voru líklegri til þess að verða brennuvargar.

Tengsl ofbeldis á dýrum í æsku og ofbeldis á fullorðinsárum

Í meira en 4 áratugi hafa rannsakendur reynt að finna hvort tengsl séu á milli dýraofbeldis í æsku og ofbeldis gagnvart fólki á fullorðinsárum. Mead (1964) var einn af fyrstu rannsakendum til að benda á að ofbeldi gagnvart dýrum gæti gefið til kynna að einstaklingur ætti við árásargjarna persónuleikaröskun að stríða. Hún hélt því fram að hægt væri að hjálpa börnum sem beittu dýraofbeldi með því að greina þau snemma. Annars gætu þau átt á hættu að eiga langa sögu um ofbeldi gagnvart dýrum og fólki og yrðu jafnvel morðingjar seinna meir. Rannsóknarniðurstöður Arluke, Levin, Luke og Ascione (1999) styðja hugmyndir Mead, en þær eru að þeir sem fara illa með dýr í æsku eigi seinna meir eftir að beita ofbeldi gagnvart fólki. Samkvæmt þeim á barn sem fer illa með dýr eftir að verða fantur í grunnskóla, árásargjarn sem unglingur og ofbeldismaður á fullorðinsárum.

Í rannsóknum á dýraofbeldi hefur komið í ljós að tengsl eru á milli alvarlegra ofbeldisverka og illrar meðferðar á dýrum. Í sögu margra raðmorðingja er saga um endurtekið dýraofbeldi í æsku og hafa ástæður þess ofbeldis vakið áhuga rannsakenda. Komið hefur í ljós að ofbeldi gagnvart dýrum í æsku átti sér yfirleitt stað samfara djúpstæðri gremju og hatri út í móður eða annan umönnunaraðila. Ofbeldi gagnvart dýrum þróaðist svo yfir í ofbeldi gagnvart manneskjum þegar þessir einstaklingar urðu fullorðnir og leiddi á endanum til ákæru og fangelsisvistar (Currie, 2006; Wright og Hensley, 2003).

Í rannsókn á föngum var kannað hvort tengsl væri á milli dýraofbeldis í æsku og ofbeldisfullra glæpa sem fangarnir höfðu framið á fullorðinsárum. Fangarnir voru spurðir hvort þeir hefðu sögu um ofbeldisfulla glæpi. Hvort þeir hefðu myrt manneskju eða gert tilraun til þess, hvort þeir hefðu nauðgað manneskju eða gert tilraun til þess, hvort þeir hefðu ráðist á manneskju eða framið rán. Niðurstöður sýndu að af þeim 103 föngum sem höfðu beitt dýraofbeldi í æsku höfðu 82% barið dýr, um það bil 36% höfðu sparkað í dýr og 33% höfðu skotið dýr. Um 22% höfðu haft kynmök við dýr, 17% höfðu annað hvort drekkt eða kyrkt dýr og 15% höfðu brennt dýr. Þeir sem höfðu drekkt dýrum voru líklegri til að hafa skotið, kæft eða brennt dýr í æsku að auki voru þeir líklegri til að beita oftast dýraofbeldi. Fangar sem höfðu barið dýr voru líklegri til að kyrkja dýr í æsku. Fangar sem höfðu skotið eða sparkað í dýr voru líklegri til að kyrkja, brenna og taka þátt í endurteknu dýraofbeldi í æsku. Þeir sem höfðu kyrkt dýr voru líklegri til að brenna dýr, taka þátt í endurteknu dýraofbeldi og byrjuðu mun yngri að taka þátt í dýraofbeldi. Fangar sem höfðu brennt eða haft kynmök við dýr voru líklegri til þess að hafa taka endurtekið þátt í dýraofbeldi í æsku. Fangar sem höfðu endurtekið tekið þátt í dýraofbeldi voru líklegri til að byrja yngri að beita dýraofbeldi (Henderson, Hensley og Tallichet, 2011).

Í rannsókn Henderson, Hensley og Tallichet (2011) komu í ljós tengsl á milli dýraofbeldis í æsku og ofbeldisfullra glæpa á fullorðinsárum. Fangar sem höfðu drekkt eða haft kynmök við dýr í æsku eða á unglingsárum voru líklegri til að verða dæmdir síðar á ævinni fyrir endurtekin ofbeldisverk gagnvart fólki. Hensley, Tallichet og Dutkiewicz (2010) komust einnig að því að þeir sem stunda kynmök við dýr í æsku séu líklegri til að fremja glæpi á fullorðinsárum. Af þeim 180 fögum sem tóku þátt í rannsókn þeirra höfðu 13% beitt dýr ítrekað kynferðislegu ofbeldi í æsku. Meira en 65% af þeim sem stunduðu kynmök við dýr viðurkenndu að hafa framið fjóra eða fleiri glæpi samanborið við 39,5% þeirra sem ekki höfðu átt kynmök við dýr. Af þessum niðurstöðum að dæma er ljóst að veita þarf kynferðislegri löngun til dýra meiri athygli. Mikilvægt er að leitast við að finna þá einstaklinga sem eru haldnir slíkri löngun og veita þeim viðeigandi meðferð t.d. sálræna-og félagslega meðferð.

Í rannsókn Wright og Hensley frá árinu 2003 voru skoðuð möguleg tengsl á milli grimmdar í garð dýra í æsku og raðmorða með því að nota kenninguna um félagsnám, einkum verðlauna kenninguna (the graduation hypothesis). Vegna eðli rannsókna á raðmorðum var notast við tilfellarannsókn. Viðfangsefni rannsóknarinnar voru fimm raðmorðingjar með staðfesta sögu um að hafa tekið þátt í því að fara illa með dýr í æsku. Við skoðun og greiningu á tilvikum þessara fimm raðmorðingja kom í ljós möguleg tengsl á milli grimmdar í garð dýra í æsku og síðari tíma raðmorða. Rannsóknin staðfestir að í tilvikum þessara raðmorðingja er saga um tímabil langvarandi niðurlægingar í æsku. Allir raðmorðingjarnir í rannsókninni virtust yfirfæra gremju sína út í móður sína eða aðra fullorðna á dýr. Ofbeldisfull hegðun gagnvart dýrum hélt áfram þar til mennirnir beindu loks athygli sinni að manneskjum. Sú hegðun að drepa dýr hefur mögulega leitt þessa menn til þess að fara smám saman að drepa manneskjur til að að öðlast frekari ánægju. Rannsóknin

leiddi í ljós að allir fimm raðmorðingjarnir notuðu sömu aðferðina við að myrða manneskjur og þeir höfðu notað við að myrða dýr. Þetta eru sambærilegar niðurstöður við fyrri rannsóknir á þessu viðfangsefni (Currie, 2006).

Viðbrögð og refsing

Viðhorf fólks gagnvart dýrum eru bæði flókin og misvísandi. Þau geta verið allt frá því að vera mjög neikvæð (ill meðferð á dýrum) til þess að vera mjög jákvæð (að koma vel fram við dýr) (Beatson, Loughnan og Halloran, 2009). Viðhorf til dýra og grimmdar í garð dýra eiga sér rætur í menningarlegum, siðferðilegum og trúarlegum hefðum sem eru ríkjandi innan hvers samfélags á hverjum tíma. Viðhorf til dýra hafa því breyst mikið samfara breyttum tímum. Framan af beindist athygli fræðimanna einkum að þeim áhrifum sem ofbeldið hafði á gerandann og var minni áhersla lögð á að rannsaka áhrif verknaðarins á dýrið sem átti í hlut. Viðhorf til illrar meðferðar á dýrum einkennast í auknum mæli af áhyggjum fólks af skaðlegum áhrifum ofbeldisins á dýrin og samfélög í heild sinni (Ascione og Lockwood, 2001).

Margir fræðimenn álíta að grimmd í garð dýra eyði samúð manns gagnvart þjáningu þeirra, sem geti síðan leitt til þess að eðlislæg tilhneiging manns til að hafa samúð með öðru fólki veikist. Þessi kenning segir að grimmd í garð dýra geti haft alvarleg mótandi áhrif á gerandann og mótað samskipti hans við annað fólk. Þannig geti ofbeldi gagnvart dýrum leitt til ofbeldis gagnvart öðru fólki og þess vegna beri að líta það alvarlegum augum. Niðurstöður Thompson og Gullone (2003) styðja þetta þar sem þeir fundu út að það sem einkenndi þá einstaklinga sem fara illa með dýr öðru fremur væri skortur á samúð með öðru fólki. Henry (2006) gerði rannsókn á tengslum viðhorfa til dýra, heimilisaðstæðna í æsku og illrar meðferðar á dýrum. Karlmann sem höfðu sögu um að hafa verið beittir kynferðislegu ofbeldi

í æsku voru líklegri en aðrir menn til þess að taka þátt í illri meðferð á dýrum.

Einstaklingsmunur á samúð og viðhorfum til dýra höfðu engin áhrif á samband kynferðislegrar misnotkunar og illrar meðferðar á dýrum.

Talað er um að konur séu yfirleitt tilfinninganæmari og taki atburði oft á tíðum meira inn á sig heldur en karlar. Nemendur sem lærðu dýralækningar í háskólanum í Bretlandi tóku þátt í rannsókn sem átti að meta viðhorf gagnvart velferð dýra. Spurningarlistinn var bæði að meta tilfinningalega samúð gagnvart dýrum og trú þeirra á skynjun dýranna. Í niðurstöðunum kom í ljós að kvenkyns nemendur sem tóku þátt í rannsókninni höfðu mun meiri samúð með dýrum heldur en karlkyns nemendur (Paul og Podberscek, 2000).

Í Bandaríkjunum var gerð rannsókn á þekkingu og viðhorfum 276 barna gagnvart dýrum. Einnig var hegðun og samskipti þeirra í návist dýra skoðuð. Mikilvægasta niðurstaðan í þessari rannsókn var sú að börn voru kennsl á þrjú stig þróunar á viðhorfi barna gagnvart dýrum. Þau börn sem voru á aldrinum 6-9 ára áttu í miklum tilfinningalegum tengslum við dýrin. Þegar börnin voru á aldrinum 10-13 ára var skilningur og þekking gagnvart dýrum orðin mun meiri. Þegar börnin voru á aldrinum 13-16 ára var meira um siðfræðilegar áhyggjur og þau gátu metið umhverfið og dýrin að verðleikum (Kellert, 1985).

Í einni grein er fjallað um illa meðferð á dýrum og viðbrögð réttarkerfisins við öllum þeim einstaklingum sem hafa verið lögsóttir af félagi dýraverndunarsinna í Massachusetts. Allar skýrslur um kvartanir ofbeldis og vanrækslu á dýrum voru endurskoðaðar á árunum 1975-1996. Kom í ljós í rannsókninni að af 268 dýrum var stór hluti fórnarlambanna bæði hundar og kettir eða í 84,7% tilfella. Ill meðferð á hundum var í 57,8% tilfella og ill meðferð á köttum var í 26,9% tilfella. Algengast var að einstaklingar færu fyrir dómstóla fyrir illa meðferð á hundum. Næstum öll þessi dýr voru í eigu einhvers og yfirleitt voru það konur sem kærðu gerendur. Þeir sem voru grunaðir um illa meðferð á dýrum voru yfirleitt ungir

karlmenn. Fullorðnir voru líklegri en börn til þess að skjóta hunda og voru einir þegar atvikið átti sér stað fremur en í hópi fólks. Þeir sem voru ólögráða voru líklegri til að fara illa með ketti og berja þá þegar jafnaldrar þeirra voru til staðar (Arluke og Luke, 1997).

Rætt hefur verið um að refsingar við brotum á lögum um dýravernd í samfélaginu séu vægar. Í 19. grein laganna sem eru frá árinu 1994 segir: „*Brot gegn lögum þessum eða reglugerðum, sem settar eru með stoð í þeim, varða sektum eða fangelsi allt að einu ári. Ef brot er stórfellt eða útrekað getur það varðað fangelsi allt að tveimur árum. Hlutdeild í brotum og tilraun til brota á lögum þessum er refsiverð*” (Lög um dýravernd nr.15/1994).

Ekki er útskýrt í lögnum hvað felist í stórfelldu broti og ekki er heldur kveðið á um ákveðnar sektargreiðslur. Þegar dýraverndunarmál fara fyrir dómstóla og einstaklingar eru fundnir sekir fá þeir oft mjög væga dóma og sleppa því vel, miðað við þau grimmdarverk sem sumir hafa framið.

Grimmd í garð dýra getur gefið vísbendingu um ofbeldishneigð og hefur að hluta til leitt til þess að þurft hefur að auka refsirétt þeirra sem beitt hafa slæma meðferð á dýrum. T.d var það gert í Washington árið 1994 að viðurlög voru aukin, fólk var sett í fangelsi fyrir slíka grimmd. Slíkar refsingar fjarlægja ofbeldisfulla einstaklinga úr samfélaginu en þær koma ekki í veg fyrir að menn haldi áfram að fara illa með dýr þegar þeir losna úr fangelsi, nema þeir fái viðeigandi meðferð í millitíðinni (Ascione, 1998).

Umræður

Samantekt á niðurstöðum

Hér hefur verið fjallað um helstu niðurstöður þeirra rannsókna sem unnið var út frá við vinnslu þessarar ritgerðar. Talið er að grimmd í garð dýra sé algengust á meðal barna á leikskólaaldri en sú hegðun fer síðan lækkandi fram á unglingsaldur þegar hegðunin eykst aftur. Grimmd í garð dýra er algengari á meðal drengja en stúlkna og einnig á meðal barna sem hafa átt við geðrænan vanda að stríða. Tíðni illrar meðferðar á dýrum á meðal barna sem eiga við geðrænan vanda að stríða er á bilinu 10-30% en 0-5% á meðal annarra barna (Ascione og Lockwood, 2001). Þessar niðurstöður byggja allar á erlendum rannsóknum því lítið er vitað um útbreiðslu vandans hér á landi.

Nokkrar rannsóknir beinast að því hvaða aðferðir eru notaðar til þess að fara illa með dýr. Sumar aðferðir krefjast þess að gerandinn sé í nálægð við dýrið t.d. að sparka í dýrið en í öðrum tilfellum þarf gerandinn að vera í fjarlægð frá dýrinu t.d. að skjóta dýrið. Sumar aðferðirnar eru mjög grófar og krefjast þess að gerandinn sé í mjög mikilli nálægð við dýrið t.d. kynmök við dýrið. Afbrotamenn sem eru ekki ofbeldisfullir eru líklegri til að hafa tekið þátt í dýraofbeldi sem telst minna alvarlegt t.d. að hafa skotið dýr eða neytt dýr til að slást. Ofbeldisfullir afbrotamenn eru líklegri til þess að hafa beitt dýr kynferðislegu ofbeldi, barið, sparkað eða kramið dýr (Arluke og Luke, 1997; Merz-Perez og Heide, 2003;).

Talið er að karlmenn, einstaklingar með minni menntun og þeir sem hafa orðið vitni að illri meðferð á dýrum í æsku séu líklegri til þess að fara illa með dýr (Hensley og Tallichet, 2005; 2006; 2008 og Thompson og Gullone, 2006). Ýmsar ástæður eru fyrir því að dýraofbeldi er framið af börnum og fullorðnum. Ástæðurnar geta verið: Þörf fyrir stjórn yfir dýrinu, hefnd eða hatur, félagslegur þrýstingur, afbrigðileg kynhneigð til dýra og

ofbeldishneigð svo dæmi séu tekin (Ascione, 2001; Kellert og Felthous, 1985). Þekking á ástæðum og áhættuþáttum illrar meðferðar á dýrum er mikilvæg því hún veitir innsýn inn í bakgrunn og þróun þessarar hegðunar. Aukinn skilningur á illri meðferð á dýrum hjálpar okkur að finna þá sem eru í áhættuhóp í tæka tíð svo hægt sé að veita þeim viðeigandi aðstoð.

Rannsóknir sýna að ofbeldi í nánum samböndum er algengt í heiminum og hefur oft á tíðum alvarleg áhrif á heilsu og líðan kvenna. Ill meðferð á dýrum getur verið ein birtingarmynd ofbeldis í nánum samböndum. Sambýlismaður eða eiginmaður getur t.d. hótad því að drepa gæludýr konu sinnar til þess að fá vilja sínum framgengt og stjórna henni. Mikilvægt er að hjúkrunarfræðingar og ljósmæður geti skimað fyrir ofbeldi í nánu sambandi. Allar konur ættu að vera spurðar að því hvort þær séu beittar ofbeldi en ekki eingöngu ef grunur er um heimilisofbeldi. Þegar kembileit fer fram er mikilvægt að konur sem segjast vera þolendur ofbeldis séu einnig spurðar að því hvort að maki þeirra hafi einhvern tímann beitt gæludýr þeirra ofbeldi. Samkvæmt niðurstöðum rannsókna hér að ofan á stór hluti kvenna sem eru þolendur ofbeldis gæludýr sem hafa einnig þurft að þola illa meðferð. Hjúkrunarfræðingar geta reynt að tryggja velferð kvenna og dýra sem búa við ofbeldi með því að hjálpa þeim að koma sér út úr ofbeldisfullum aðstæðum. Hjúkrunarfræðingar geta hjálpað með því að benda á viðeigandi úrræði t.d. viðtöl eða meðferð hjá geðhjúkrunarfræðingi, sálfræðingi eða geðlækni.

Niðurstöður margra rannsókna sýna að samband er á milli illrar meðferðar á dýrum og annarra hegðunarvandamála t.d. andfélagslegrar hegðunar af ýmsu tagi, afbrota, fantaskaps, kynferðislegrar-og líkamlegrar misnotkunar og ofbeldis í fjölskyldum (Henry og Sanders, 2007; Ascione, Friedrich, Heath og Hayashi, 2003; Henderson, Hensley og Tallichet, 2011; Henry, 2004). Börn sem komu úr fjölskyldum þar sem heimilisofbeldi átti sér stað voru líklegri til að kveikja í heldur en önnur börn. Einnig voru börn sem áttu föður sem hefur farið

illa með dýr líklegri til að kveikja í en önnur börn (Becker, Stuewig, Herrera og McCloskey, 2004). Mikilvægt er að skoða önnur vandamál hjá barni sem hefur farið illa með dýr og að barnið fái viðeigandi meðferð sem fyrst til að koma í veg fyrir að það þrói með sér ofbeldisfulla hegðun seinna meir (Baldry, 2005). Karlmenn sem fóru illa með dýr voru líklegri til að hafa tekið þátt í fantaskap í skóla heldur en þeir sem gerðu það ekki. Af þeim 185 karlmönnum sem tóku þátt í rannsókninni höfðu 30% farið einu sinni eða oftar illa með dýr einhvern tímann á ævinni. Niðurstöður benda til þess að þeir sem sýna fantaskap og ofbeldi í miklum mæli tengist þátttöku í illri meðferð á dýrum (Henry og Sanders, 2007).

Samkvæmt niðurstöðum rannsókna hefur stór hluti fanga farið illa með dýr eða um 20% samkvæmt rannsóknum. Meðal mjög ofbeldisfullra fanga sem hafa framið mjög alvarlega glæpi er hlutfallið allt að 60% (Henderson, Hensley og Tallichet, 2011; Hensley og Tallichet, 2009; Merz-Perez og Heide, 2003). Þessar niðurstöður benda til þess að sterk tengsl séu á milli afbrota og illrar meðferðar á dýrum. Kom í ljós að eftir því sem aðfangar voru yngri þegar þeir byrjuðu að fara illa með dýr því líklegri voru þeir til þess að gera það að vana sínum. Fangar sem höfðu drekkt eða haft kynmök við dýr í æsku voru líklegri til að verða dæmdir síðar á ævinni fyrir endurtekin ofbeldisverk gagnvart fólki. Fangar sem höfðu brennt eða haft kynmök við dýr voru líklegri til þess að hafa oftar tekið þátt í dýraofbeldi í æsku (Henderson, Hensley og Tallichet, 2011).

Ofbeldi gegn dýrum í æsku getur verið sterk vísbending um mjög alvarleg ofbeldisverk á fullorðinsárum t.d. nauðganir og raðmorð. Nokkrar erlendar rannsóknir hafa sýnt fram á að saga um endurtekið dýraofbeldi í æsku er algeng hjá raðmorðingjum. Þeir áttu það allir sameiginlegt að láta uppsafnaða reiði út í móður eða aðra fullorðna manneskju úr æsku sinni bitna á saklausum dýrum. Tengsl ofbeldis gagnvart dýrum við ofbeldisverk gagnvart fólki á fullorðinsárum eru greinileg þegar litið er til þess að þeir notuðu sömu

aðferðirnar við að drepa manneskjur og þeir höfðu notað til að drepa dýr (Wright og Hensley, 2003).

Viðhorf fólks til illrar meðferðar á dýrum er mismunandi og hefur breyst með tímanum. Áður fyrr hafði fólk meiri áhyggjur af gerandanum og það vildi vita hvaða áhrif þetta hefði á hann. Fólk var hrætt um að gerendur sem fóru illa með dýr myndu með tímanum hafa minni samúð með fólki. Í dag hefur fólk áhyggjur af fórnarlambinu, samfélaginu í heild sinni og gerandanum (Ascione og Lockwood, 2001). Flestir kunna að meta dýr að verðleikum og vilja alls ekki meiða dýr viljandi. Viðhorf barna til dýra breytist með aldrinum. Þegar börn eru lítil kunna þau ekki að meta dýr á sama hátt og fullorðnir en þegar þau eru komin á unglingsaldur fer það að breytast (Kellert, 1985).

Munur virðist vera á viðhorfum kynjanna til dýra. Rannsóknir benda til þess að konur hafi almennt meiri samúð með dýrum heldur en karlar (Paul og Podberscek, 2000). Ekki er ljóst af hverju þessi kynjamunur stafar en við teljum að hann geti meðal annars skýrst af því að konur og karlar eru ólík að upplagi. Konur eru tilfinninganæmari og umhyggjusamari í eðli sínu en karlmenn og viðhorf þeirra til dýra endurspeгла ef til vill hið sterka móðureðli sem þær hafa.

Á Íslandi eru lög um ofbeldi á dýrum heldur væg. Einstaklingar sem fara illa með dýr gætu fengið eins árs fangelsisdóm. Talað er um í lögunum að þeir sem fremja stórfellt eða ítrekað brot gagnvart dýrum gætu fengið tveggja ára fangelsisdóm. Ekki hefur verið skilgreint í lögunum hvað felist í stórfelldu broti (Lög um dýravernd nr.15/1994). Yfirleitt sleppa þessir einstaklingar sem fara illa með dýr við fangelsisdóm og enn færri þurfa að fá ráðgjöf eða sinna samfélagsþjónustu (Arluke og Luke,1997). Það er nauðsynlegt að lögín séu skýr svo hægt sé að fara eftir þeim þegar á þarf að halda.

Lokaorð

Mikilvægt er að vera með forvarnir í grunnskólum, því samkvæmt þessari rannsókn eru börn sem beita dýr ofbeldi í æsku í áhættuhóp fyrir að þróa með sér ofbeldisfulla hegðun gagnvart fólki. Ill meðferð á dýrum getur verið vísbending um mikla vanlíðan og verið ávísun á alvarlega þróun. Mikilvægt er að finna þá sem stunda slíka hegðun og vísa þeim á sérhæfða meðferðaraðila. Skólahjúkrunarfræðingar gætu reynt að koma í veg fyrir að börn sýni grimmd í garð dýra með því að vera með forvarnir í grunnskólum um illa meðferð á dýrum. Mikilvægt er að fræða börn um illa meðferð á dýrum til að reyna að koma í veg fyrir að þau stundi þessa áhættuhegðun einhvern tímann á lífsleiðinni.

Í framhaldi af þessari fræðilegu úttekt væri áhugavert að gera rannsókn á útbreiðslu og eðli illrar meðferðar á dýrum hér á landi. Slík rannsókn hefur ekki áður verið gerð og kæmi því til með að veita mikilvægar upplýsingar um stöðu þessara mála í íslensku samfélagi. Niðurstöður væri síðan hægt að nýta til þess að gera áætlun um fræðsluherferð í þessum efnum sem myndi beinast að því að auka vitneskju almennings í landinu á illri meðferð á dýrum. Einnig væri verðugt að rannsaka hvort tengsl séu á milli ofbeldis í nánum samböndum og illrar meðferðar á gæludýrum í íslensku þjóðfélagi, líkt og fram hefur komið í erlendum rannsóknum. Upplýsingar þar að lútandi gætu t.d. gagnast heilbrigðisstarfsfólki við að finna konur sem eru þolendur ofbeldis í nánum samböndum og veita þeim viðeigandi aðstoð. Það væri mjög áhugavert rannsóknarefni að kanna viðhorf almennings til refsinga við illri meðferð á dýrum. Undanfarið hefur verið rætt um í fjölmiðlum að refsingar við illri meðferð á dýrum séu heldur vægar og að lögin um ofbeldi á dýrum séu ekki nógu skýr. Áhugavert væri að sjá hvernig niðurstöður rannsóknarinnar myndu endurspeglar viðhorf almennings til refsinga.

Heimildaskrá

American Psychiatric Association. (2000). *Diagnostic and statistical manual of mental disorders* (4. útgáfa). Washington, DC: Höfundur.

Arluke, A. og Luke, C. (1997). Physical cruelty toward animals in Massachusetts, 1975-1996. *Society and Animals*, 5(3), 195-204.

Arluke, A., Levin, J., Luke, C. og Ascione, F. (1999). The relationship of animal abuse to violence and other forms of antisocial behaviour. *Journal of Interpersonal Violence*, 14, 963-975.

Ascione, F. R. (1998). Battered women's reports of their partners' and their children's cruelty to animals. *Journal of Emotional Abuse*, 1, 119-133.

Ascione, F. R. (2001). Animal abuse and youth violence [Bulletin]. Washington, DC: U.S. Department of Justice, Office of Justice Programs, Office of Juvenile Justice and Delinquency Prevention.

Ascione, F. R., Friedrich, W., Heath, J. og Hayashi, K. (2003). Cruelty to animals in normative, sexually abused and outpatient psychiatric samples of 6- to 12-year-old children: Relations to maltreatment and exposure to domestic violence. *Anthrozoös*, 16, 194-212.

Ascione, F. R. og Lockwood, R. (2001). *Cruelty to animals: Changing psychological, social and legislative perspectives*. New York: Academic Press.

Ascione, F. R., Thompson, T. M. og Black, T. (1997). Childhood cruelty to animals: Assessing cruelty dimensions and motivations. *Anthrozoös* 10, 170-177.

Ascione, F. R., Weber, C. V. og Wood, D. S. (1997). The abuse of animals and domestic violence: A national survey of shelters for women who are battered. *Society and Animals*, 5, 205-218.

Baldry, A. C. (2003). Animal abuse and exposure to interparental violence in Italian youth. *Journal of Interpersonal Violence*, 18, 258-281.

Baldry, A. C. (2005). Animal abuse among preadolescents directly and indirectly victimized at school and at home. *Criminal Behaviour and Mental Health*, 15(2), 97-110.

Beatson, R., Loughnan, S. og Halloran, M. (2009). Attitudes toward animals: The effect of priming thoughts of human-animal similarities and mortality salience on the evaluation of companion animals. *Society and Animals*, 17(1), 72-89.

Becker, K., Stuewig, J., Herrera, V. og McCloskey, L. (2004). A study of firesetting and animal cruelty in children: Family influences and adolescent outcomes. *Journal of the American Academy of Child and Adolescent Psychiatry*, 43, 905-912.

- Boat, B. W. (1995). The relationship between violence to children and violence to animals. *Journal of Interpersonal Violence, 10*, 228-235.
- Currie, L. C. (2006). Animal cruelty by children exposed to domestic violence. *Child Abuse and Neglect, 30*, 425-435.
- DeViney, E., Dickert, J. og Lockwood, R. (1983). The care of pets within child abusing families. *International Journal for the Study of Animal Problems, 4*, 321-329.
- Douglas, L. E., Ressler, R. K., Burgess, A. W. og Hartman, C. R. (1986). Criminal profiling from crime scene analysis. *Behavioral Sciences and the Law, 4*, 401-421.
- Erla K. Svavarsdóttir. (2010). Birtingarmynd ofbeldis í nánum samböndum: Áhrif á heilsufar kvenna. Í Erla Kolbrún Svavarsdóttir (ritstjóri), *Ofbeldi - margbreytileg birtingarmynd* (bls. 15-32). Reykjavík: Háskólaútgáfan.
- Felthous, A. R. (1980). Aggression against cats, dogs and people. *Child Psychiatry and Human Development, 10*(3), 169-177.
- Félags- og tryggingamálaráðuneyti. (e.d.). *Rannsókn á ofbeldi gegn konum: Reynsla kvenna á aldrinum 18-80 ára á Íslandi*. Sótt 5. maí árið 2011 af http://www.velferdarraduneyti.is/media/ritogskyrslur2011/26012011_Ofbeldi_a_konum.pdf

- Flynn, C. (2000). Why family professionals can no longer ignore violence toward animals. *Family Relations*, 49, 87-95.
- Henderson, B. B., Hensley, C. og Tallichet, S. E. (2011). Childhood animal cruelty methods and their link to adult interpersonal violence. *Journal of Interpersonal Violence*, 1-17.
- Henry, B. (2004). The relation between animal cruelty, delinquency and attitudes toward the treatment of animals. *Society and Animals*, 12, 185-207.
- Henry, B. (2006). Empathy, home environment and attitudes toward animals in relation to animal abuse. *Anthrozoös*, 19, 17-34.
- Henry, C. B. og Sanders, E. C. (2007). Bullying and animal abuse: Is there a connection? *Society and Animals*, 15, 107-126.
- Hensley, C. og Tallichet, S. E. (2005). Learning to be cruel?: Exploring the onset and frequency of animal cruelty. *International Journal of Offender Therapy and Comparative Criminology*, 49, 37-47.
- Hensley, C. og Tallichet, S. E. (2008). Effect of inmates' self-reported childhood and adolescent animal cruelty: Motivations on the number of convictions for adult violent interpersonal crimes. *International Journal of Offender Therapy and Comparative Criminology*, 52, 175-184.

Hensley, C. og Tallichet, S. E. (2009). Childhood and adolescent animal cruelty methods and their possible link to adult violent crimes. *Journal of Interpersonal Violence*, 24(1), 147-158.

Hensley, C., Tallichet, S. E. og Dutkiewicz, E. L. (2010). Childhood bestiality: A potential precursor to adult interpersonal violence. *Journal of Interpersonal Violence*, 25(3), 557-567.

Kellert, S. R. (1985). Attitudes toward animals: Age-related development among children. *The Journal of Environmental Education*, 16(3), 29-39.

Kellert, S. R. og Felthous, A. (1985). Childhood cruelty toward animals among criminals and noncriminals. *Human Relations*, 18, 1113-1129.

Kolbrún Kristiansen. (2010). Í erli dagsins: Þolendur ofbeldis sem leita til Slysa-og bráðadeildar Landspítalans. Í Erla Kolbrún Svavarsdóttir (ritstjóri), *Ofbeldi - margbreytileg birtingarmynd* (bls. 61-82). Reykjavík: Háskólaútgáfan.

Krug, E. G., Dahlberg, L. L., Mercy, J. A., Zwi, A. B. og Lozano, R. (ritstj.). (2002). *World report on violence and health*. Geneva: World Health Organization.

Lög um dýravernd nr.15/1994. Sótt 30.apríl árið 2011 af
<http://www.althingi.is/lagas/139a/1994015.html>

Mead, M. (1964). Cultural factors in the cause and prevention of pathological homicide.

Bulletin in the Menninger Clinic, 28, 11-22.

Mellor, D., Yeow, J., Hapidzal, N. F. M., Yamamoto, T., Yokoyama, A. og Nobuzane, Y.

(2009). Childhood cruelty to animals: A tri-national study. *Child Psychiatry and Human Development*, 40(4), 527-541.

Merz-Perez, L. og Heide, K. M. (2003). *Animal cruelty: Pathway to violence against people*.

United States: AltaMira Press.

Miller, K. S. og Knutson, J. F. (1997). Reports of severe physical punishment and exposure

to animal cruelty by inmates convicted of felonies and by university students. *Child Abuse and Neglect*, 21(1), 59-82.

Mirrlees-Black, C. (1999). *Domestic violence: findings from a new British crime survey self completion questionnaire*. Home Office Publications.

Paul, E. S. og Podberscek, A. L. (2000). Veterinary education and students' attitudes towards animal welfare. *Veterinary Record*, 146, 269-272.

Páll Biering. (2010). *Speglarnir á leiðinni*. Reykjavík: Skrudda.

Slavkin, M. L. (2001). Enuresis, fire setting, and cruelty to animals: Does the ego triad show predictive validity? *Adolescence*, 36(143), 461-466.

- Svavarsdottir, E. K. og Orlygsdottir, B. (2008). Effect of abuse by a close family member on health. *Journal of Nursing Scholarship*, 40(4), 311-318.
- Svavarsdottir, E. K., og Örlygsdottir, B. (2009). Intimate partner abuse factors associated with women's health: A general population study. *Journal of Advanced Nursing*, 65(7), 1452-1462.
- Thompson, K. og Gullone, E. (2003). Promotion of empathy and prosocial behaviour in children through humane education. *Australian Psychologist*, 3, 175–182.
- Thompson, K. L. og Gullone, E. (2006). An investigation into the association between the witnessing of animal abuse and adolescents' behavior toward animals. *Society and Animals*, 14, 222–243.
- Tjaden, P. og Thoennes, N. (2000). *Full report of the prevalence, incidence and consequences of violence against women: Research report*. Washington, DC: National Institute of Justice.
- Widom, C. (1989). The cycle of violence. *Science*, 244, 160-166.
- Wright, J. og Hensley C. (2003). From animal cruelty to serial murder: Applying the graduation hypothesis. *Journal of Offender Therapy and Comparative Criminology*, 47(1), 71-88.